ALÞÝÐUBLAÐIÐ

Fimmtudagur 3. apríl 1997 | 43. tölublað – 78. árgangur | Verð í lausasölu kr. 100 m/vsk

■ Faðir minimalismans, Larry Bell að Kjarvalsstöðum

Betra að hafa munninn lokaðan

- segir Larry Bell sem vinnur að því að setja upp sýningu sem opnar að Kjarvalsstöðum á laugardag.

Það er mikið um að vera á Kjarvalsstöðum þessa dagana þar sem staflast inn fleiri tonn af gleri. Það er þó ekkert venjulegt rúðugler, heldur hluti af listaverkum eins af feðrum minimalismans Larry Bell en sýning á verkum hans opnar á laugardaginn að Kjarvalsstöðum.

"Ég hef ekki séð jafn marga blaðamenn á einum degi í langan tíma," segir Larry í samtali við Alþýðublaðið og teygir úr fótunum á kaffistofu Kjarvalsstaða. „Það er af hinu góða, þar sem ég hef ekki unnið neitt til saka finnst mér að það hljóti að vera af því ég sé ákaflega mikilvægur."

Larry Bell er þekktastur fyrir glerverk sín þar sem hann vinnur með einkar frumlegar hugmyndir um hlutverk rýmisins í gerð listaverka og tengsl þess við áhorfendur. Í fyrstu sýndi hann glerkassa en á síðari árum hefur hann gert stórbrotnar innsetningar, hann þykir einn merkasti fulltrúi óhlutbundinnar myndlistar á seinni hluta þessarar aldar.

Hann er fæddur árið 1939 en búsettur í Taos í New Mexico líkt og svo margir aðrir bandarískir listamenn. „Ég fæddist í Chicaco en ólst upp í Los Angeles í úthverfi sem nú tilheyrir miðborginni enda hefur borgin margfaldast."

En þú yfirgafst Los Angeles. Líkaði þér ekki að búa þar?

"Mér líkaði borgin afskaplega vel, mér líkaði hún svo vel að ég varð að yfirgefa hana. Þetta er eins og með drykkju. En ég er hræddur við jarðskjálfta og árið 1973 flutti ég mig um set til New Mexico. Seinustu árin bjó ég á Venice Beach við sjávarsíðuna. Árið 1990 dó svo mamma mín og við bræðurnir erfðum gamla heimilið okkar og reyndum að selja húsið en það gekk illa. Við fórum þá leiðina að lækka verðið niður úr öllu valdi og gátum selt. Tveimur vikum eftir söluna þurrkaði jarðskjálfti húsið af yfirborði jarðar. Þannig er nú lífið í Los Angeles."


En afhverju sækja svona margir listamenn eftir því að búa í New Mexico, er það náttúrufegurðin?

"Líkt og á Íslandi er mjög fátt fólk í Nýju Mexíkó en mikið rými, það er líka það eina sem er líkt með þessum tveimur stöðum. Kannski er það einn hluti ástæðunnar."

Larry er ekki kominn af öðrum listamönnum, faðir hans var tryggingasölumaður en mamma hans kennari þar til hún fór að eiga börn en þá fór hún að vinna heima. Hann var í listaháskóla í tvö ár, hætti og fékk sér vinnustofu og fór að vinna að myndlist.

Árið 1966 var haldin sýning í The Jewish Museum í New York sem bar yfirskriftina Primary Structures. Þar kom fram hópur listamanna og sýndi óhlutlæg myndverk þar sem var lögð áhersla á að einfalda formgerðina í frumþætti sína. Þessi myndlist fékk fljótlega nafnið ABC list eða minimalismi og hefur sú nafngift fests við þennan óformlega listhóp. Þeir listamenn sem mörkuðu stefnuna voru þeir Carl André, Donald Judd, Robert Morris, Dan Flaven og Larry Bell. Þótt flestir þessir listamenn ættu rætur sínar í málverkinu sýndu þeir allir skúlptúra en minimal verk voru og eru afar frábrugðin hefðbundnum höggmyndum, bæði hvað varðar myndfræði, myndbyggingu, staðsetningu í rýminu og tækni og táknfræði.

"Primary Structure, var mjög gott nafn á sýninguna," segir Larry og bætir við að hreyfingin hafi fremur átt að heita það en minimalismi. Þegar hann er spurður afhverju minimalisminn hafi komið fram á þessum tíma, þegar neyslan var í hámarki segist hann ekki eiga nein svör við slíkum spurningum. „Ég luma ekki á neinum skýringum, engri heimspeki sem ég get sett fram í fullyrðingum.



ALÞÝÐUBLAÐIÐ – ÞÖK

Áhorfandinn verður að skoða verkin og kanna á sinn hátt, vonandi verður reynslan áhugaverð hvort sem þeim líka verkin eða ekki. Það sem ég fæst við er að vera stöðugt að læra eitthvað nýtt af verkum mínum. Ég á því ekki til neina formúlu um hvernig ég presentera mig í verkunum. Í hvert og eitt sinn leitast ég við að skoða ljósið og rýmið á nýjan hátt. Fyrir mér er sýning fyrst og fremst útvíkkun vinnustofunnar, galleríin eru vinnuaðstaða fyrir nýjar og nýjar tilraunir. Þessir stóru skúlptúrar hafa aldrei sést áður. Ég gerði þá fyrir nokkrum árum en ég hef aldrei sýnt þá fyrr, elsta verkið á sýningunni er fimm ára gamalt."

Aðspurður hvernig það hafi verið að vera einn brautryðjandanna segir Larry: „Hvað segirðu, ég held að ég hafi verið sá eini. Annars fer þetta þannig fram að einhver, kannski blaðamaður fær grillu í höfuðið eða heimspekilega hugmynd og finnur síðan einhverja til að performera undir þeim formerkjum. Sjálfur lýt ég ekki þannig á hlutina en við getum orðað þetta einhvern veginn þannig: „Mér finnst einfaldleikinn góður."

Ég hef unnið mikið með hversdagsleg efni, tildæmis eins og gler. Það er eitthvað sem allir sjá og nota á hverjum degi, þú sérð geislana brotna í glerinu, það verndar þig frá kuldanum og hefur margvíslegt notagildi en er ekki eitthvað sem er sjálfkrafa sett í samhengi við list. Það hentar mér og ég leitast við að breyta því, snúa merkingunni við og láta það gera eitthvað sem venjulegt gler gerir ekki. Í skúlptúr breytir glerið umhverfinu á mjög einfaldan hátt."

En bíddu við, finn ég fyrir einhverjum pirringi í garðs hugtaksins minimalisma?

"Mér líkar ekki alltaf kompaníið. Listamennirnir geta verið góðir, hugsanir þeirra áhugaverðar og verkin líka. En mér finnst óþarfi að vera settur undir sama hatt og margt fólk sem er að fást við gerólíka hluti. Hugtakið minimalismi fullnægir vissum hlutum þess sem ég er að fást við á vinnustofu minni en alls ekki öllu. Þú sérð þegar skúlptúrarnir og innsetningin er komin upp hvað ég er að tala um. Til að geta rætt um þetta þyrfti ég að geta greint á milli á mjög afgerandi hátt, ég hef aldrei verið sérstaklega góður í því og því er betra að hafa munninn lokaðan en reyna að útskýra einhverja tilfinningu og mistakast. Ég lifi því með þessu."

■ Guðmundur Bjarnason um gagnrýni á umhverfisráðuneytið

Erum ekki afgreiðlsustofnun

Ómaklegt að segja skort á faglegum vinnubrögðum

"Það er rangt að segja að umhverfisráðuneytið sé afgreiðslustofnun fyrir iðnaðarráðuneytið. Það er ómaklegt að segja að ekki séu fagleg vinnubrögð í umhverfisráðuneytinu. Við höfum okkar stofnanir, sem eru skipulagsstjóri ríkisins og Hollustuvernd, sem ég ber fullt traust til. Auk þess höfum við sérfræðinga í ráðuneytinu; verkfræðinga, náttúrufræðinga og jarðfræðinga, sem yfirfara allar tillögur og öll gögn vegna málsins. Við vinnum alla okkar vinnu ítarlega og það hefur fyrir að ráðuneytið hefur ekki verið nákvæmlega sammála undirstofnunum," sagði Guðmundur Bjarnason umhverfisráðherra, en í Alþýðublaðinu í gær, gagnrýndi Ólafur Magnússon, bóndi í Kjós, ráðherrann og ráðuneytið harkalega.

"Ég get nefnt Grundartangamálið og fleiri mál til sönnunar. Varðandi nýja starfsleyfið, fyrir væntanlegt álver, eru í því hertar reglur og þar er tekið á þeim þáttum, sem einmitt Olafur og fleiri Kjósverjar hafa gagnrýnt, en það er að ákveðnar verði tekið á vöktunarþættinum. Meðal annars er í leyfinu skilyrði um að þeirra nefndir komi að vöktuninni, sem er meira en gert var ráð fyrir í úrskurði stjórnar Hollustuverndar.


Þeir sem eru á móti segjast horfa til Alþingis, breytist eitthvað við meðferð þingsins?

"Starfsleyfið fer ekki fyrir Alþingi. Lagafrumvarp um verksmiðjuna er fyrir Alþingi, en það varðar starfsemina, að fá að starfrækja fyrirtæki af þessu tagi á Íslandi. Starfsleyfi ráðherra verður ekki áfrýjað nema til dómstóla. Ég áskil mér rétt til að breyta starfsleyfinu, ef svokölluð úrskurðarnefnd sem starfar samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðseftirlit, gerir athugasemdir við starfsleyfið, þá samkvæmt hugsanlegum kærum frá þeim, sem eru óánægðir með tillögur Hollustuverndar, en tillögur hennar er hægt að kæra til úrskurðarnefndarinnar. Ef nefndin kemst að því eitthvað er athugavert við tillögurnar, þá hef ég áskilið mér allan rétt til breytinga og því hef ég lýst yfir. Þetta getur leytt til breytinga á starfsleyfinu og þegar ég afhenti fulltrúum Columbia hér á landi starfsleyfið undirrituðu þeir staðfestingu á að þeim væri ljós þessi fyrirvari."

Þeir sem gagnrýna benda meðal annars á að Hollustuvernd hafi ekki staðið nógu vel að eftirlit með Járnblendisverskmiðjunni á Grundartanga.

"Það má margt betur fara í starfsleyfi Járnblendisfélagsins, og við munum ganga betur frá ýmsum þáttum sem varða eftirlit og umhverfisvöktun í nýju starfsleyfi, komi til stækkunar. Við höfum þegar lýst því yfir og eigendur verksmiðjunnar eru meðvitaðir um þetta.

Hollustuvernd hefur ekki, samkvæmt hinu gamla starfsleyfi, nægjanlega sterk ítök til að grípa inn í. Ég er sammála Ólafi Magnússyni að þar þurfi hlutir að fara betur. Þetta segir ekkert um hvað verður í nýju starfsleyfi, hvorki fyrir álver eða stækkað járnblendi, en gamla starfsleyfið er um 20 ára gamalt."





STEFÁNSBLÓM
SKIPHOLTI 50 B – SÍMI 561 0771